



# ÁRSSKÝRSLA 2022

Hæstiréttur Íslands | Landsréttur | Héraðsdómstólarnir | Endurupptökudómur | Dómstólasýslan



## DÓMSTÓLASÝSLAN

**Ársskýrsla 2022**  
**Hæstaréttar Íslands**  
**Landsréttar**  
**Héraðsdómstóla**  
**Endurupptökudóms**  
**Dómstólasýslunnar**

\*Ársskýrslan er unnin og gefin út til samræmis við 4. tölul. 8. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016

### **Hönnun og umbrot:**

Kría hönnunarstofa

### **Mynd á forsíðu:**

Lögberg á Þingvöllum eftir Brynjólf Þórðarson, máluð 1936.

Mynd birt með leyfi frá Listasafni Íslands.

### **Útgefandi:**

Dómstólasýslan  
Suðurlandsbraut 14, 3. hæð  
108 Reykjavík.  
S: 432 5010

# EFNISYFIRLIT

<b>Inngangur ársskýrslu 2022</b> .....	<b>4</b>
<b>Dómstólar</b> .....	<b>6</b>
Hæstiréttur Íslands .....	6
Landsréttur .....	7
Héraðsdómstólar .....	8
Afmæli héraðsdómstóla .....	10
Endurupptökudómur .....	12
<b>Starfsfólk dómstóla</b> .....	<b>14</b>
Dómarar .....	14
Aðstoðarmenn .....	14
Aðrir starfsmenn .....	14
<b>Dómstólasýslan sameiginleg stjórnýsla dómstóla</b> .....	<b>16</b>
Stjórn dómstólasýslunnar .....	17
Stjórn 2022 .....	17
Hlutverk stjórnar og fundir .....	17
Starfsemi dómstólasýslunnar 2022 .....	17
Stefna, meginmarkmið og verkefni .....	19
Réttlát og opinber málsmeðferð .....	19
Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar .....	20
Gagnsæ upplýsingamiðlun og traust .....	22
Skilvirkni og gæði .....	27
Hagkvæmni í rekstri .....	29
Hæfir starfsmenn – markviss símenntun – eftirsóknarvert starfsumhverfi .....	29
Hæstiréttur .....	34
Fjöldi mála .....	34
Dæmd mál og málsmeðferðartími .....	34
Landsréttur .....	38
Fjöldi mála .....	38
Dæmd mál og málsmeðferðartími .....	38
Héraðsdómstólarnir .....	42
Fjöldi dómsmála og meðferð þeirra hjá héraðsdómstólunum .....	42
Dæmd mál og málsmeðferðartími .....	42
Endurupptökudómur .....	47
<b>Fjárheimildir á málefna sviði dómstóla</b> .....	<b>48</b>

# INNGANGUR ÁRSSKÝRSLU 2022

Árið 2022 var þess minnst að 30 ár voru liðin frá aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði en með honum var komið á núverandi skipan átta héraðsdómstóla í landinu. Þessum tímamótum var fagnað með opnu húsi hjá Héraðsdómi Reykjavíkur á Menningarnótt og afmælisráðstefnu sem dómstólasýslan stóð fyrir í samvinnu við héraðsdómstólana, Dómarafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands og Ákærendafélagið undir heitinu Stafrænt dómsskerfi. Við val á umfjöllunarefni ráðstefnunnar var því horft til framtíðarþróunar dómstóla hér á landi.

Stafræn þróun dómstóla var eitt af helstu viðfangsefnum dómstólasýslunnar á árinu. Lögð var áhersla á að ljúka vinnu að tillögum um stafræna meðferð mála fyrir dómstólum þar sem hún getur átt við og greina nauðsynlegar lagabreytingar. Haldnar voru málstofur og vinnufundir með aðkomu dómara og annars starfsfólks af öllum dómstigum. Við tillögugerð var haft að leiðarljósi að ná fram sem mestum ábata fyrir dómstóla og samfélagið í heild án þess að draga úr réttaröryggi. Þá var áfram unnið að þróun svonefndrar réttarvörslugáttar, sem dómsmálaráðuneytið hefur yfirumsjón með, og aðlögun málaskrárkerfis dómstóla að gáttinni. Á árinu var þeim áfanga náð að flest

rannsóknarmál berast nú héraðsdómstólum frá lögreglu í gegnum réttarvörslugáttina. Nær öll skráning upplýsinga hjá lögreglu á að flytjast sjálfkrafa í málaskrárkerfi dómstóla og öll gögn vistast í kerfinu. Þótt hér sé um að ræða afmarkaðan og tiltölulega lítinn hluta mála sem berast dómstólum gefur breytingin vísbendingu um þá einföldun verklags, samræmingu og skilvirkni sem stafræn þróun getur haft í för með sér.

Stefna dómstólasýslunnar fyrir tímabilið 2018–2022 hefur gegnt veigamiklu hlutverki við að forgangsraða verkefnum hennar. Við vinnu að nýrri stefnu fyrir tímabilið 2023–2027 var ákveðið að byggja á þeim góða grunni sem lagður hafði verið en breikka stefnuna þannig að hún næði til allra dómstóla auk dómstólasýslunnar. Eftir viðtækt samráð við starfsfólk og stjórnendur dómstóla og stjórn dómstólasýslunnar náðist mikil samstaða um helstu áherslur í starfinu á næstu árum. Þau eru nánar tiltekið: stafrænt dómsskerfi, upplýsingagjöf og fræðsla, húsnæði og öryggismál dómstóla og mannaúður og færni.

Starfsfólk dómstóla og aðrir sem eiga erindi í húsnæði þeirra verða að geta treyst því að þau njóti þar öryggis. Það





er hins vegar því miður svo að öryggismál þar eru ekki að öllu leyti fullnægjandi. Á árinu var unnið að gerð stefnu og viðmiða um öryggi í húsnæði dómstóla í samráði við Ríkislögreglustjóra. Á grundvelli hennar verður farið í úttekt á öllum dómstólum í samvinnu við Ríkislögreglustjóra sem verður nýtt til að forgangsraða úrbótum.

Það er viðvarandi verkefni dómstóla að tryggja eins og kostur er hæfilegan málsmeðferðartíma og greina hvernig ná megji þeim markmiðum sem að er stefnt. Þróun málsmeðferðartíma hjá Landsrétti hefur verið áhyggjuefni. Ýmsar skýringar eru á þeirri þróun samkvæmt ítarlegri greiningu Landsréttar sem unnin var á árinu. Þar á meðal hefur álag við réttinn aukist vegna ríkari krafna í nýlegri dómaframkvæmd Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu við milliliðalausar sönnunarfærslu en gert var ráð



fyrir við mat á mannaflapörf við stofnun Landsréttar. Með það að markmiði að bregðast við álagi í Landsrétti og stytta málsmeðferðartíma lagði dómstólasýslan það til við dómsmálaráðuneytið í lok ársins að dómurum við réttinn yrði fjölgað um a.m.k. einn.

Júlí 2022

**Sigurður Tómas Magnússon**  
formaður stjórnar

**Kristín Haraldsdóttir**  
framkvæmdastjóri

# DÓMSTÓLAR

## Hæstiréttur Íslands

Hæstiréttur er æðsti dómstóll þjóðarinnar. Hann tók formlega til starfa 16. febrúar 1920 og er staðsettur í Reykjavík. Í Hæstarétti eiga sæti sjö dómara og eru þeir skipaðir ótímabundið í embætti. Hæstiréttur hefur frá 2018 starfað sem fordæmisgefandi dómstóll á þriðja dómstigi. Hæstiréttur ákveður hvaða mál eru tekin til meðferðar og kveður upp dóma sem ætlað er að vera fordæmisgefandi, með sama móti og gildir annars staðar á Norðurlöndunum. Við Hæstarétt er kjörinn forseti og varaforseti til fimm ára í senn. Forseti Hæstaréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn og ræður til starfa lögfræðinga og aðra starfsmenn.

Benedikt Bogason er forseti Hæstaréttar og Ingveldur Einarssóttir varaforseti. Skrifstofustjóri Hæstaréttar er Ólöf Finnsdóttir. Þrjú löglerðir aðstoðarmenn og tveir aðrir starfsmenn störfuðu hjá Hæstarétti á árinu. [Sjá nánar](#) ársskýrslu Hæstaréttar 2022.





## Landsréttur

Hinn 1. janúar 2018 tóku gildi ný lög um dómstóla. Með þeim var Landsréttur settur á fót sem millidómstig og dómstigin urðu þar með þrjú í stað tveggja áður. Landsréttur er staðsettur í Kópavogi en tekur til landsins alls. Fimmtán dómarar eiga sæti í réttinum og eru þeir skipaðir ótímabundið í embætti. Þrír dómarar skipa dóm í hverju máli en þó er unnt í undantekningartilvikum að skipa dóminn fimm dómurum. Sú heimild var nýtt í einu máli á árinu 2022. Til Landsréttar er unnt að skjóta úrlausnum héraðsdómstólanna átta og verða úrlausnir hans endanlegar í flestum málum. Í sérstökum tilvikum eða að fengnu leyfi Hæstaréttar Íslands má skjóta niðurstöðum Landsréttar til Hæstaréttar. Við Landsrétt eru kjörnir forseti og varaforseti til fimm ára í senn. Forseti Landsréttar skipar dómstólnum skrifstofustjóra til fimm ára í senn og ræður lögfræðinga og aðra starfsmenn.

Forseti Landsréttar er Hervör Þorvaldsdóttir og varaforseti Landsréttar er Davíð Þór Björgvinsson. Skrifstofustjóri Landsréttar er Gunnar Viðar. Hjá Landsrétti störfuðu á árinu átta löglerðir aðstoðarmenn dómara og átta aðrir starfsmenn, að skrifstofustjóra meðtöldum.

## Héraðsdómstólar

Héraðsdómstólar eru fyrsta dómstigið af þremur. Dómum þeirra má áfrýja ýmist til Landsréttar eða Hæstaréttar. Héraðsdómstólarnir eru átta talsins og með staðbundna lög-sögu.

Dómarar í héraði eru 42 að tölu og skipaðir ótímabundið í embætti. Dómstólasýslan ákveður við hvaða héraðsdómstól dómarar skuli eiga fast sæti en heimilt er að ákveða að allt að þrjú héraðsdómarar eigi ekki fast sæti við tiltekinn dómstól. Frá 1. október 2022 voru þrjú fardómarar starfandi, tveir með aðsetur við Héraðsdóm Reykjavíkur og einn með aðsetur við Héraðsdóm Reykjaness.

Dómstólasýslan skipar dómstjóra við hvern héraðsdómstól en dómstjórar ráða aðra starfsmenn en dómara. Til aðstoðar dómurum má ráða lögfræðinga til fimm ára í senn. Auk þess að gegna dómstörfum er dómstjóri forstöðumaður héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans.

Hjá héraðsdómstólunum störfuðu á árinu 13 aðstoðarmenn dómara og 38 aðrir starfsmenn, að skrifstofustjórum meðtöldum.

### Héraðsdómur Reykjavíkur (HDR)

Dómstjóri: Ingibjörg Þorsteinsdóttir. Varadómstjóri var Barbara Björnsdóttir fram til 12. október 2022 þegar Björn L. Bergsson tók við. Skrifstofustjóri: Hilda Valdemarsdóttir.

### Héraðsdómur Vesturlands (HDVL)

Dómstjóri: Lárentínus Kristjánsson.

### Héraðsdómur Vestfjarða (HDV)

Dómstjóri: Halldór Björnsson.

### Héraðsdómur Norðurlands vestra (HDNV)

Dómstjóri: Halldór Halldórsson.

### Héraðsdómur Norðurlands eystra (HDNE)

Sigrún Guðmundsdóttir var dómstjóri til 1. september 2022. Arnbjörg Sigurðardóttir var skipuð dómstjóri 9. september 2022.

### Héraðsdómur Austurlands (HDA)

Dómstjóri: Ólafur Ólafsson.

### Héraðsdómur Suðurlands (HDS)

Dómstjóri: Sigurður Gísli Gíslason.

### Héraðsdómur Reykjaness

Kristinn Halldórsson var dómstjóri fram til 22. september 2022. Jónas Jóhannsson var skipaður dómstjóri frá sama tíma. Varadómstjóri: Sandra Baldvinsdóttir. Skrifstofustjóri var Jenný Jónsdóttir fram til 1. apríl 2022 þegar Bryndís Guðmundsdóttir tók við.





# 30 ára

## HÉRAÐSDÓMSTÓLAR

1992-2022



### Afmæli héraðsdómstóla

Á árinu var haldið upp á 30 ára afmæli héraðsdómstólanna en lög um aðskilnað umboðs- og dómssvalds tóku gildi 1. júlí 1992.

### 30 ára afmælisveisla í Héraðsdómi Reykjavíkur


Á annað þúsund gestir mættu í veglega 30 ára afmælisveislu héraðsdómstólanna sem haldin var í Héraðsdómi Reykjavíkur á Menningarnótt. Mikill áhugi var á því að kynnst starfsemi dómstólsins. Laganemar undirbjuggu og settu á svið réttarhöld sem vöktu mikla athygli, boðið var upp á getraun, gestir á öllum aldri mátuðu skikkjur dómara og Pétur Ármannsson arkitekt leiddi skoðunarferðir um húsið en í þær komust færri en vildu.





## Afmælisráðstefna

Haldið var upp á afmælisár héraðsdómstólanna með ráðstefnu um stafræna framtíð dómstóla sem skipulögð var af dómstólasýslunni í samvinnu við héraðsdómstólana, Dómarafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands og Ákærendafélagið. Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, stýrði ráðstefnunni og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra flutti inngangserindi (sjá nánar, bls. 25)



# Stafræn framtíð dómstólanna

30 ára afmæli héraðsdómstólanna

Ráðstefna 10. júní 2022

í samstarfi við Dómarafélagið, Lögmannafélagið og Ákærendafélagið

## Endurupptökudómur

Endurupptökudómur var stofnaður með lögum nr. 47/2020 og tók til starfa 1. desember 2020. Hann er sérdómstóll sem tekur ákvörðun um hvort heimila eigi endurupptöku dómsmála sem dæmd hafa verið í héraði, Landsrétti eða Hæstarétti, sbr. IX. kafla laga um dómstóla nr. 50/2016. Um endurupptöku dómsmála gilda ákvæði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum XXVIII. og XXIX. kafli, og laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, einkum XXXIV. og XXXV. kafli.

Endurupptökudómur hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni þar sem lögfræðingur í hálfu stöðugildi starfar fyrir dóminn.

Í Endurupptökudómi sitja fimm dómendur og fimm varamenn þeirra, tveir frá hverju dómstigi, dómandi og varamaður hans, og fjórir aðrir, tveir dómendur og varamenn þeirra sem ekki eru embættisdómarar. Skipað er í síðast greindu fjórar stöðurnar að undangenginni auglýsingu og umsögn dómnefndar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti.

Skipunartími í dóminn er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins aðalmanns og varamanns hans. Sá hæstaréttardómari sem skipaður er í dóminn skal vera forseti hans.



Nánari upplýsingar um Endurupptökudóm er að finna á vef dómstólsins <https://endurupptokudomur.is>

Forseti Endurupptökudóms er Karl Axelsson, dómari við Hæstarétt Íslands. Aðrir dómendur árið 2022 voru: Oddný Mjöll Arnardóttir, dómari við Landsrétt, Hólmfríður Grímsdóttir, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Eyvindur G. Gunnarsson prófessor og Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður. Varamenn þeirra eru Ingveldur Einarsdóttir, dómari við Hæstarétt Íslands, Aðalsteinn E. Jónasson, dómari við Landsrétt, Helgi Sigurðsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, Eiríkur Elís Þorláksson dósent og Stefán Geir Þórisson lögmaður.

Í byrjun árs rann út skipunartími Karls Axelssonar aðalmanns og Ingveldar Einarsdóttur varamanns hans. Þar sem skipunartími þeirra frá stofnun Endurupptökudóms var eitt ár ákvað Hæstiréttur að tilnefna þau að nýju og voru Karl og Ingveldur skipuð aftur af hálfu dómsmálaráðuneytis 27. janúar 2022.



# DÓMSTÓLAR UM LAND ALLT



- Héraðsdómstólar
- Landsréttur
- Hæstiréttur
- Dómstólasýslan

# STARFSFÓLK DÓMSTÓLA

Hjá Hæstarétti, Landsrétti og héraðsdómstólum störfuðu við árslok 2022 samtals 137, þar af 56 karlar og 81 kona en ársverk voru 133.

## Dómarar

Dómarar voru samtals 64 við árslok 2022, þar af 36 karlar (56%) og 28 konur (44%). Í Hæstarétti gegndu fjórir karlar og þrjár konur embættum dómara. Í Landsrétti gegndu níu karlar og sex konur embættum dómara og hjá héraðsdómstólunum voru 23 karlar og 19 konur í embætti dómara.

## Aðstoðarmenn


Aðstoðarmenn dómara á öllum dómstigum voru við árslok 2022 samtals 25, 15 konur og 10 karlar. Í Hæstarétti voru um áramót tveir karlar og ein kona aðstoðarmenn dómara. Í Landsrétti voru þrjú karlar og fimm konur aðstoðarmenn dómara en hjá héraðsdómstólunum voru fimm karlar og átta konur í því starfi.

## Aðrir starfsmenn

Aðrir starfsmenn dómstólanna voru samtals 48 við árslok 2022, 10 karlar og 38 konur. Í Hæstarétti voru einn karl og tvær konur, í Landsrétti fimm karlar og þrjár konur og hjá héraðsdómstólunum fjórir karlar og 33 konur.

Dómstólar	2022	2021
Hæstiréttur	13	14
Héraðsdómstólar	93	84
Landsréttur	31	30
<b>Heildarfjöldi</b>	<b>137</b>	<b>128</b>

## Skipting ársverka hjá dómstólum



Starfsmenn dómstólanna	Kk	Kvk	Samtals
Dómarar	36	28	64
Aðstoðarmenn dómara	10	15	25
Aðrir starfsmenn	10	38	48
<b>Samtals</b>	<b>56</b>	<b>81</b>	<b>137</b>

Starfsmenn héraðsdómstóla	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Héraðsdómur Reykjavíkur	24	11	13	8	3	5	21	5	17	53
Héraðsdómur Reykjaness	10	5	5	2	1	1	6	0	6	20
Héraðsdómur Vesturlands	1	1	0	1	1	0	1	0	1	3
Héraðsdómur Vestfjarða	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Norðurlands vestra	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Norðurlands eystra	2	1	1	1	0	1	2	0	2	6
Héraðsdómur Austurlands	1	1	0	0	0	0	1	0	1	2
Héraðsdómur Suðurlands	2	2	0	1	0	1	2	0	2	5
<b>Samtals</b>	<b>42</b>	<b>23</b>	<b>19</b>	<b>13</b>	<b>5</b>	<b>8</b>	<b>53</b>	<b>5</b>	<b>31</b>	<b>93</b>
Ársverk	40,44			12,56			36,18			<b>89,19</b>

Starfsmenn Landsréttar	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Starfsmenn	<b>15</b>	9	6	<b>8</b>	3	5	<b>8</b>	5	3	<b>31</b>
Ársverk	15,48			7,74			7,68			<b>30,9</b>


Starfsmenn Hæstaréttar	Dómarar	Kk	Kvk	Aðstoðar- menn	Kk	Kvk	Aðrir starfsmenn	Kk	Kvk	Samtals
Starfsmenn	<b>7</b>	4	3	<b>4</b>	2	2	<b>3</b>	1	3	<b>13</b>
Ársverk	7			2,76			3,54			<b>13,3</b>

# DÓMSTÓLASÝSLAN

## SAMEIGINLEG STJÓRNSÝSLA DÓMSTÓLA

Dómstólasýslunni var komið á fót með lögum nr. 50/2016 og tók formlega til starfa 1. janúar 2018. Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnslustofnun sem hefur það meginhlutverk að annast og vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnslu dómstólanna, styrkja stjórnslu þeirra og um leið stuðla að samræmi í framkvæmd er varðar innri starfsemi allra dómstiganna þriggja.

Dómstólasýslan lýtur ekki boðvaldi annarra innan dómskerfisins og er óháð löggjafar- og framkvæmdavaldinu.



Hönnun skipurits: Runólfur Smári Steinþórsson



## Stjórn dómstólasýslunnar

Ráðherra skipar fimm menn í stjórn dómstólasýslunnar og er skipunartíminn fimm ár, sbr. 6. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar sem er Kristín Haraldsdóttir.

### Stjórn 2022

Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari, formaður, skipaður til og með 31. júlí 2025. Varamaður hans er Ingveldur Einarsdóttir hæstaréttardómari, skipuð til og með 31. júlí 2025. Hervör Þorvaldsdóttir forseti Landsréttar, skipuð til og með 31. júlí 2023. Varamaður hennar er Davíð Þór Björgvinsson landsréttardómari, skipaður til og með 31. júlí 2023. Lilja Björk Sigurjónsdóttir gæðastjóri, skipuð til og með 3. ágúst 2026. Varamaður hennar er Erna Björt Árnadóttir aðstoðarmaður dómara, skipuð til og með 3. ágúst 2026. Halldór Björnsson héraðsdómari, skipaður til og með 31. júlí 2024. Varamaður hans er Arnaldur Hjartarson héraðsdómari, skipaður til og með 31. júlí 2024. Lúðvík Örn Steinarsson lögmaður, skipaður til og með 31. júlí 2026. Varamaður hans er Þyrí Halla Steingrimsdóttir lögmaður, skipuð til og með 31. júlí 2026.

### Hlutverk stjórnar og fundir

Hlutverk stjórnar dómstólasýslunnar er skilgreint í 7. gr. laga um dómstóla.

Stjórn dómstólasýslunnar leggur mat á og gerir tillögu til ráðherra um nauðsynlegar fjárveitingar til dómstólasýslunnar, Hæstaréttar og Landsréttar og sameiginlega fjárveitingu til héraðsdómstólanna. Sé vikið frá tillögum dómstólasýslunnar skal ráðherra greina fjárlaganefnd frá ástæðum þess auk þess sem gera skal grein fyrir frávikum í frumvarpi til fjárlaga. Dómstólar skulu skilgreindir sem sérstakt málefnasvið í frumvarpi til fjárlaga og í fjárlögum. Í fjárlögum skal kveðið sundurliðað á um fjárveitingar til Hæstaréttar Íslands, Landsréttar, héraðsdómstólanna sameiginlega og dómstólasýslunnar. Stjórn dómstólasýslunnar skiptir á milli héraðsdómstólanna fé sem skal veitt þeim í einu lagi með fjárlögum.

Stjórn dómstólasýslunnar ákveður fjölda héraðsdómara og annarra starfsmanna við hvern héraðsdómstól og setur almennar reglur um flutning dómara á milli þeirra. Þá setur stjórn reglur um leyfi dómara frá störfum og veitir þeim leyfi. Stjórnin setur einnig reglur um meðferð mála hjá dómstólasýslunni og ákveður verkaskiptingu milli stjórnar og framkvæmdastjóra auk þess að ákveða hvaða stjórn-sýsluverkefni skuli heyra undir dómstólasýsluna og hver undir forstöðumenn dómstólanna að því leyti sem þessi atriði eru ekki ákveðin í lögum.

Haldnir voru 12 fundir stjórnar á árinu. Fundargerðir hennar eru birtar á vefsíðu dómstólasýslunnar, [domstolar.is](#). Starfsdagur stjórnar var haldinn 17. mars 2022.

Hjá dómstólasýslunni störfuðu árið 2022 sjö manns að framkvæmdastjóra meðtöldum: verkefnastjóri, skjalastjóri, upplýsinga- og fræðslustjóri og þrír lögfræðingar.

## Starfsemi dómstólasýslunnar 2022

Í störfum sínum tekur dómstólasýslan mið af stefnu sinni fyrir tímabilið 2018–2022. Stefnan byggist meðal annars á hlutverki stofnunarinnar á grundvelli ákvæða laga nr. 50/2016. Í stefnunni eru skilgreind þau gildi sem stofnunin miðar við í starfsemi sinni og sett fram meginmarkmið fyrir tímabilið. Með stefnunni fylgir áætlun þar sem aðgerðir til þess að ná settum markmiðum eru skilgreindar, tilgreint hver ber ábyrgð á framkvæmd, ásamt því að settir eru mælikvarðar þegar það á við til að meta árangur.


## Hlutverk

Hlutverk dómstólasýslunnar er skilgreint þannig í meginatriðum í 8. gr. dómstólalaga

1. Að vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnarsýslu dómstólanna og koma fram gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum í þágu dómstólanna sameiginlega.
2. Að skipuleggja símenntun dómara og annarra starfsmanna í þjónustu dómstóla.
3. Að fara með yfirstjórn upplýsingamála og tæknimála dómstólanna, annast þróun þeirra mála og eftir þörfum ábendingar af því tilefni.
4. Að safna saman og birta upplýsingar um fjölda og afgreiðslu mála við dómstóla og gefa út ársskýrslu um starfsemi sína og dómstólanna.
5. Að stuðla að samræmingu og hafa eftirlit með framkvæmd reglna um málaskrár dómstóla, þingbækur, atkvæðabækur, búnað til upptöku á hljóði og mynd í þinghöldum, dómabækur og varðveislu málsskjala og upptaka í þinghöldum hjá dómstólum, samkvæmt þessum lögum, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð ákærumála.
6. Að setja starfsreglur um samræmda framkvæmd við héraðsdómstóla en stjórn dómstólasýslunnar getur ákveðið að slíkar reglur verði bindandi ef þær varða ekki meðferð dómsmála að því leyti sem dómari ber einn ábyrgð á henni.
7. Að gera tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum dómstóla og löggjöf sem um þá gilda.

Á grundvelli 4. mgr. 9. gr. dómstólalaga skal nefnd um dómarastörf hafa aðstöðu hjá dómstólasýslunni og á grundvelli 2. mgr. 11. gr. dómstólalaga skal það sama gilda um dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara. Þá hefur Endurupptökudómur aðsetur hjá dómstólasýslunni, sbr. 8. mgr. 54. gr. dómstólalaga

## Gildi



Dómstólasýslan gengur út frá ofangreindum gildum í öllum störfum sínum.

## Stefna, meginmarkmið og verkefni

Stefnu dómstólasýslunnar 2018–2022 er ætlað að efla sameiginlega stjórnarsýslu dómstólanna og stuðla að samræmdri framkvæmd mála sem varða innri starfsemi dómstíganna þriggja. Aðgerðaráætlun, með verkefnum sem ráðist er í á hverjum tíma, er forgangsraðað út frá fjórum meginþáttum, þjónustu, verklagi, mannauði og fjármálum, ásamt því að byggt er á gildum um sjálfstæði, traust, skilvirkni og gæði. Áherslur áætlunarinnar endurspeglast m.a. í tillögum stjórnar dómstólasýslunnar í vinnu að fjárlögum.

Umfjöllun um starfsemi dómstólasýslunnar á árinu tekur mið af meginmarkmiðum stofnunarinnar.

### Réttlát og opinber málsmeðferð

Grundvallarregla réttarríkis er réttlát og opinber málsmeðferð. Þinghald er yfirleitt opið og úrlausnir dómstóla aðgengilegar þannig að allir geti fylgst með störfum þeirra. Dómstólasýslan leggur áherslu á það í störfum sínum að virða þá grundvallarreglu og um leið styðja dómstólana til þess. Dómstólasýslan gefur út ýmsar reglur sem eiga að stuðla að samræmi í starfsemi dómstóla.

Á árinu var mikið starf unnið til undirbúnings og eftirfylgni við reglur nr. 3/2022 um útgáfu dóma og úrskurða á vefsíðu-

um dómstóla. Útgáfa dóma þjónar þeim tilgangi að upplýsa um starfsemi dómstólanna og tryggja rétt almennings í lýðræðislegu samfélagi til aðgangs að upplýsingum um réttarframkvæmd. Þá er útgáfa dóma liður í því að styðja við grundvallarreglu um opinbera málsmeðferð. Útgáfa dóma þarf jafnframt að samræmast stjórnarskrárvörðum rétti til friðhelgi einkalífs og rétti einstaklinga til persónuverndar samkvæmt lagaákvæðum þar um.

Markmið breytinganna er að einfalda og skýra reglur um hvaða dómur skuli gefnir út, í hvaða tilvikum og hvernig gæta skuli nafnleyndar og hvaða upplýsingar skuli nema brott við útgáfu dómsúrlausnar.

Reglunum er jafnframt ætlað að skýra og skerpa eftirlitshlutverk dómstólasýslunnar, en hver og einn dómstóll ber áfram ábyrgð á því að útgáfa dómsúrlausna samræmist reglum dómstólasýslunnar. Í tilkynningu Persónuverndar frá því í apríl á þessu ári kom fram að stofnunin teldi sig ekki bæra til að fjalla um vinnslu persónuupplýsinga sem er framkvæmd af dómstólum í tengslum við birtingu dóma á vefsíðum dómstólanna. Þessi breytta afstaða Persónuverndar byggist á nýlegum dómi Evrópudómstólsins í máli nr. C-245/20 þar sem fjallað er um valdmörk persónueftirlitsstofnana gagnvart dómstólum út frá grundvallarreglum um sjálfstæði dómstóla.

### Meginmarkmið 2018–2022

ÞJÓNUSTA	VERKLAG	MANNAUÐUR	FJÁRMÁL
Réttlát og opinber málsmeðferð	Gagnsæ upplýsingamiðlun	Hæfir starfsmenn	Markviss áætlanagerð
Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar	Skilvirkni og gæði	Eftirsóknarvert starfsumhverfi	Rekstur í samræmi við fjárheimildir
Traust til dómstólanna	Hagkvæmni	Markviss símenntun	Kostnaðarvitund
		Traust og virðing	

## Helstu breytingar sem felast í reglunum eru:

- Ríkari áhersla er lögð á að nafnleyndar sé gætt við útgáfu dómsúrlausnar í einkamálum þegar í úrlausn er fjallað um viðkvæm persónuleg málefni og upplýsingar sem viðkvæmar teljast.
- Skylda til að leita sjónarmiða brotapolá þegar leyst er úr því hvort það þjóni hagsmunum þeirra að nema brott nafn dómfelldu í sakamálum.
- Ítarlegri tilgreining á upplýsingum sem skal nema brott áður en dómsúrlausn er gefin út og hvernig það skuli gert.
- Reglur um hvert skuli beina kvörtunum og ábendingum vegna útgáfu dómsúrlausna og hvernig úr þeim verði leyst.

Reglurnar voru unnar í samráði við forstöðumenn dómstólanna. Þá var leitað umsagnar Bláðamannafélags Íslands, Lögmannafélags Íslands og Ákærendafélagsins. Bláðamannafélagið og Lögmannafélagið lögðu áherslu á að þörf væri á rýmri aðgangi að dómsúrlausnum fyrir félagsmenn þeirra um sérstaka gátt. Dómstólasýslan hyggst í samvinnu við dómstólana kanna möguleika á því að opna slíka gátt og mun leita samráðs við framangreind félög og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Fram að gildistöku reglnanna vann dómstólasýslan að innleiðingu þeirra og undirbjó verklagsreglur fyrir dómstólana í þeim tilgangi að tryggja samræmda framkvæmd. Haldin voru námskeið fyrir starfsfólk dómstólanna og hagaðila þar sem reglurnar voru kynntar og ræddar.

### Aðrar reglur sem tóku gildi á árinu:

- Reglur um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2022.
- Reglur um sérfróða meðdómsmenn nr. 2/2022.
- Reglur um almenn starfskjör dómara nr. 5/2022.

### Eftirtaldar reglur voru samþykktar í stjórn dómstólasýslunnar á árinu 2022 en tóku gildi síðar:

- Reglur um afhendingu og aðgang að hljóð- og myndupptökum héraðsdómstóla og Landsréttar nr. 4/2022 (tóku gildi 1. janúar 2023).
- Reglur um málsvarnarlaun eða þóknun til verjenda og þóknun til réttargæslumanna o.fl. nr. 1/2023 (tóku gildi 1. janúar 2023).

## Sjálfstæðir og óvilhallir dómstólar

Dómstólasýslan virðir og stuðlar að sjálfstæði dómstóla og dómara í störfum sínum. Samkvæmt stjórnarskrá Íslands og lögum um dómstóla nr. 50/2016 eru dómamarar sjálfstæðir í dómstörfum og leysa þau af hendi á eigin ábyrgð. Við úrlausn máls fara þeir eingöngu eftir lögum og lúta þar aldrei boðvaldi annarra.

Dómstólasýslunni var komið á fót í þeim tilgangi að efla og styrkja stjórnýslu dómstóla og styrkja sjálfstæði þeirra. Þessi markmið endurspeglast í allri starfsemi dómstólasýslunnar, ekki síst fyrirsvari hennar út á við og þjónustu við dómstólana og sjálfstæðar nefndir sem þeim tengjast.

### Fyrirsvar

Það er hlutverk dómstólasýslunnar að vera í fyrirsvari fyrir sameiginlega stjórnýslu dómstólanna og koma fram gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum í þágu þeirra. Dómstólasýslan kemur t.d. á hverju ári fram fyrir hönd dómstóla gagnvart dómsmálaráðuneytinu og Alþingi í mál-efnum er varða fjárlög og fjármálaáætlun.

Dómstólasýslan getur einnig gert tillögur um hvað eina sem getur orðið til úrbóta í störfum dómstóla og löggjöf sem um þá gilda. Á árinu 2022 lagði dómstólasýslan meðal annars til við dómsmálaráðuneytið að dómurum við Landsrétt yrði fjölgað úr 15 í 16 vegna vaxandi álags við réttinn.

### Sérfróðir meðdómsmenn

Eitt af hlutverkum dómstólasýslunnar er að tilnefna hæfilegan fjölda sérfróðra meðdómsmanna, sbr. VII. kafla laga um dómstóla. Sérfróðir meðdómsmenn eru kallaðir til í málum þar sem sérkunnáttu er þörf til þess að leysa úr máli. Markmið kvaðningar sérfróðra meðdómsmanna er að bæta gæði dómsúrlausna og auka traust á störfum þeirra. Gert er ráð fyrir að dómstólasýslan tilnefni aðila með sérkunnáttu á öðrum sviðum en lögfræði til fimm ára í senn til að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna á helstu sviðum þar sem reynir á slíka þekkingu við meðferð mála fyrir héraðsdómi og Landsrétti. Sjá nánar á vef <https://www.domstolar.is/domstolasyslan/handbok-domstolanna/meddomsmenn/>.

Dómstólasýslan tilnefndi árið 2022 19 einstaklinga til þess að gegna störfum sérfróðra meðdómsmanna til næstu fimm ára. Við árslok 2022 voru þeir 211 talsins.



## Sjálfstæðar nefndir með aðsetur hjá dómstólasýslunni

### Nefnd um dómarastörf

Nefnd um dómarastörf er sjálfstæð og óháð nefnd sem starfar á grundvelli dómstólalaga nr. 50/2016. Nefndinni er ætlað að styrkja stöðu dómstólanna sem sjálfstæðra og óháðra stofnana, jafnt inn á við sem út á við. Nefndin hefur aðsetur hjá dómstólasýslunni sem veitir henni margvíslega aðstoð, m.a. við að skrá mál og birta álit á vef dómstólasýslunnar og við birtingu á hagsmunaskráningu dómara.

Hinn 15. maí 2022 var Ragnheiður Thorlacius fyrrverandi héraðsdómari skipuð formaður nefndarinnar. Hún tók sæti Hjördísar Hákonardóttur fyrrverandi hæstaréttardómara en skipunartími hennar rann út 14. maí 2023. Aðrir nefndarmenn eru Helgi I. Jónsson fyrrverandi hæstaréttardómari og Sindri M. Stephensen, dósent við Háskólann í Reykjavík.

Nefndin hefur sett sér reglur um birtingu álita en nánari upplýsingar um nefndina, aukastörf dómara, álit og ákvarðanir eru birtar á [domstolar.is](http://domstolar.is). [Sjá ársskýrslu](#) nefndar um dómarastörf 2022.

### Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara

Dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara er sjálfstæð og óháð nefnd sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara, landsréttardómara og héraðsdómara sem og embætti dómenda við Endurupptökudóm. Dómnefndin starfar á grundvelli III. kafla

dómstólalaga nr. 50/2016 og hefur aðstoðu hjá dómstólasýslunni. Nefndin hélt 21 fund á árinu í húsakynnum dómstólasýslunnar. Starfsmaður dómstólasýslunnar gegnir stöðu ritara hennar.

Dómnefndin lætur ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara þar sem tekin skal afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið.

Í upphafi árs skipuðu dómnefndina Eiríkur Tómasson formaður, Kristín Benediktsdóttir dósent, Helga Melkorka Óttarsdóttir lögmaður, Þorgeir Örylgsson fyrrverandi hæstaréttardómari og Óskar Sigurðsson lögmaður. Skipunartími í dómnefndina er fimm ár, þó þannig að hvert ár rennur út skipunartími eins aðlmanns og varamanns hans. Á árinu rann út skipunartími Óskars Sigurðssonar aðlmanns og Guðrúnar Bjarkar Bjarnadóttur varamanns hans. Í þeirra stað skipaði dómismálaráðherra Reimar Snæfells Pétursson lögmann sem aðlmann í dómnefndina og Hjördísi Halldórsdóttur lögmann sem varamann hans frá og með 23. ágúst 2022 samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands.

Hinn 11. mars 2022 var embætti dómara við Landsrétt auglýst til umsóknar og bárust alls átta umsóknir. Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. 27. maí sama ár lá niðurstaða dómnefndar fyrir og mat hún Kristinn Halldórsson, dómstjóra við Héraðsdóm Reykjaness, hæfastan til að hljóta skipun í embætti landsréttardómara.



Hinn 15. júlí 2022 voru auglýst til umsóknar embætti tveggja héraðsdómara sem munu hafa fyrstu starfsstöð annars vegar við Héraðsdóm Reykjavíkur og hins vegar við Héraðsdóm Reykjaness en sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir því sem dómstólasýslan ákveður. Alls bárust sjö umsóknir en einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Hinn 20. september sama ár lá niðurstaða dómnefndar fyrir en hún mat Þorstein Magnússon framkvæmdastjóra óbyggðanefndar hæfastan til að hljóta skipun í embætti héraðsdómara. Var hann skipaður af hálfu ráðherra í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur. Næstir Þorsteini voru tveir umsækjendur metnir jafnhæfir og skipaði ráðherra annan þeirra, Þórhall Hauk Þorvaldsson lögmann, í embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjaness.

Hinn 28. október 2022 voru embætti eins dómanda og eins varadómanda við Endurupptökudóm auglýst laus til umsóknar. Ein umsókn barst. Hinn 16. desember sama ár lá niðurstaða dómnefndar fyrir en hún mat Stefán Geir Þórisson lögmann vel hæfan til að hljóta skipun í embætti dómanda við Endurupptökudóm.

Á árinu 2022 gerði dómnefndin tillögu að setningu þriggja varadómarar til að taka afstöðu til beiðni um leyfi til að áfrýja máli til Hæstaréttar. Þá gerði nefndin í tvígang tillögu að setningu þriggja varadómarar við meðferð tveggja mála við Landsrétt og tillögu að setningu varadómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur við meðferð eins máls.

## Gagnsæ upplýsingamiðlun og traust

Starfsmenn dómstólanna og dómstólasýslunnar vinna störf sín af heilindum og lögum samkvæmt. Þeir sýna þeim sem til dómstólanna leita virðingu og skilning og gæta jafnræðis og jafnréttis í hvívetna. Dómstólar og dómstólasýslan vinna að því að gera hlutverk dómstólanna sýnilegt í samfélaginu. Miðlað er upplýsingum um starfsemi þeirra og leitast er við að tryggja að þeir sem nýta dómstólana, starfsmenn þeirra, fjölmiðlar og almenningur, séu vel upplýstir um starfsemina og eigi auðvelt með að nálgast upplýsingar um hana hverju sinni.

## Þjónustu- og ímyndarkönnun

Fyrir tilstilli dómstólasýslunnar framkvæmdi Gallup þjónustu- og ímyndarkönnun dómstólanna meðal lögmanna og sækjenda á tímabilinu 26. apríl–12. maí 2022. Úrtakið

var 1108 einstaklingar og svör fengust frá 388 eða 35% sem er 2,1% meira en þegar sambærileg könnun var gerð síðast árið 2019. Spurt var um ánægju með ýmsa þjónustupætti dómstólanna og traust til allra dómstiga.

Traust lögmanna og ákærenda til allra dómstiga jókst frá könnuninni árið 2019. Um það bil 80,8% lögmanna og ákærenda báru mikið traust til héraðsdómstóla sem er 1,8% hækkun, 72,2% báru mikið traust til Landsréttar sem er 1,5% hækkun og 89,3% báru mikið traust til Hæstaréttar sem er 5,1% hækkun milli kannana. Heilt yfir hefur ánægja með þjónustu Landsréttar og Hæstaréttar minnkað en héraðsdómstólarnir standa í stað. Í könnuninni var auk þess spurt um mat á málsmeðferðartíma, rökstuðning dóma, ánægju með tæknilegan aðbúnað, vefsíður dómstólanna og aðra einstaka þjónustupætti.


Í svörum við opnum spurningum komu fram ýmsar ábendingar sem verða teknar til nánari skoðunar t.d. um mikilvægi stafrænnar þróunar, svo sem möguleika á raf-rænum skilum gagna, athugasemdir varðandi vefsíður dómstólanna og fleira.

Ítarlegri niðurstöður könnunarinnar má nálgast hér: [þjónustu- og ímyndarkönnun 2022](#)


## Traust til dómstólanna

Könnun Gallups um traust til stofnana og embætta var framkvæmd í febrúar 2022. Samkvæmt henni báru 49% prósent landsmanna mikið traust til Hæstaréttar. Landsréttur naut 43% trausts og héraðsdómstólarnir 37%. Könnunin sýnir auk þess að traust til dómskerfisins, sem er mun víðara hugtak en dómstólahugtakið, þar sem það tengist ýmsum aðilum og stofnunum réttarvörslukerfisins, minnkaði frá síðustu mælingu eða um 6%. Nokkuð hátt hlutfall svarenda tekur ekki skýra afstöðu og tengsl eru á milli þekkingar á starfsemi dómstólanna og trausts til þeirra.

### Samanburður við aðrar stofnanir (meðaltal 1-7)



### Hlutfall sem ber mikið traust til stofnana í febrúar 2022



## Upplýsingamiðlun og fræðsla á vef dómstólanna

Auk vefsvæða fyrir hvert dómstig heldur dómstólasýslan úti vefnum domstolar.is. Hann var heimsóttur rúmlega 62 þúsund sinnum á árinu. Breytingar sem gerðar voru árið á undan sem miða að því að beina umferð í auknum mæli inn á vef hvers dómstigs gera samanburð milli ára ómarktækan. Vefurinn er eftir sem áður mest notaður sem gátt yfir á aðra vefi (á við 60% gesta) en mest lesna efnið á vefnum sjálfum eru upplýsingar um dómstólasýsluna (notaðar af 18% gesta).

Vefur héraðsdómstóla var heimsóttur tæplega 480 þúsund sinnum, sem er 1% minnkun milli ára. Þá var vefur Landsréttar heimsóttur rúmlega 560 þúsund sinnum á árinu sem er 2% aukning milli ára. Vefur Hæstaréttar var heimsóttur rúmlega 190 þúsund sinnum á árinu sem er 13% minnkun milli ára.

Heildarfjöldi heimsókna á árinu nam tæpum 1,3 milljónum. Ef vefur dómstólasýslunnar er undanskilinn dróst umferðin saman um tæp 2% milli ára.

Á árinu hófst endurskoðun á vefsíðum dómstólanna sem er meðal annars ætlað að bæta upplýsingagjöf og fræðslu um starfsemi þeirra. Vefurinn er afar mikilvægur þegar kemur að miðlun upplýsinga og ítarleg greining verður því gerð á því hvaða efni á erindi við lögmenn, aðila réttarvörslu-kerfisins, fjölmiðla og allan almenning. Við þarfagreiningu og þróun fyrir nýjan vef voru settir á fót vinnuhópar með aðkomu starfsfólks dómstóla á öllum dómstigum.

**DOMSTOLAR.IS**

**62.000**

**HEIMSÓKNIR**

**HERADSDOMSTOLAR.IS**

**480.000**

**HEIMSÓKNIR**

**LANDSRETTUR.IS**

**560.000**

**HEIMSÓKNIR**

**HAESTIRETTUR.IS**

**190.000**

**HEIMSÓKNIR**

## Viðburðir, fræðsla og samráðsfundir

### Fundur með norrænum dómstólasýslum

Árlegur fundur norrænna dómstólasýslna var haldinn á Íslandi 23.–25. maí 2022. Fulltrúar systurstofnana dómstólasýslunnar annars staðar á Norðurlöndunum komu til að ræða sameiginleg viðfangsefni og deila reynslu og þekkingu. Meðal annars var rætt um stafræna þróun, sjálfstæði dómstóla, stefnumótun og tölfraeðigreiningu. Gestirnir sóttu einnig heim Landsrétt og Héraðsdóm Reykjavíkur. Stofnanirnar eru: Domstolsstyrelsen (DK), Domstoladministrasjonen (NO), Domstolsverket (SE) og Tuomioistuinvirasto/Domstolsverket (FI).

### Ráðstefna um stafrænt dómsskerfi haldin í tilefni af afmæli héraðsdómstólanna

Dómstólasýslan skipulagði ráðstefnu um stafræna framtíð dómstólanna í samstarfi við héraðsdómstólana, Dómarafélag Íslands, Lögmannafélag Íslands og Ákærendafélagið.

Ráðstefna var haldin 10. júní í tilefni af 30 ára afmæli héraðsdómstólanna. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

heiðraði ráðstefnuna með inngangserindi þar sem hún lagði áherslu á mikilvægi stafrænnar þróunar í dómsskerfinu. Ráðstefnan var vel sótt og fjölmargir fylgdust með í streymi. Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, stýrði fundinum. Í opunarorðum hennar fjallaði hún um þær miklu umbætur sem urðu á dómsskerfinu með lögum um aðskilnað umboðs- og dómssvalds sem tóku gildi 1. júlí 1992. Sigurður Tómas Magnússon, hæstaréttardómari og formaður stjórnar dómstólasýslunnar, fjallaði um stafræn skref dómstólanna fram til dagsins í dag og þau tækifæri sem nýjar tæknilausnir skapa til framtíðar, mögulegan ávinning og áskoranir. Guðlaug Dröfn Þórhallsdóttir, verkefnastjóri í dómssmálaráðuneytinu, gerði grein fyrir þróun réttarvörslugáttar sem miðar að því að gera réttarvörslukerfið stafrænt. Hún sýndi virkni gáttarinnar sem er á þróunarstigi og hvernig gögn verða í framtíðinni gerð aðgengileg rafrænt og þvert á stofnanir.

Þrjár fyrirlesarar frá Danmörku, Katrine Bork, lögfræðingur og yfirmaður upplýsingatæknimála hjá dönsku dómstólasýslunni, Henrik E. Rhod, dómstjóri við héraðsdóminn í Bornholm og Nikolaj Linneballe lögmaður fjölluðu um staf-





rænt dómsskerfi í Danmörku, hvert frá sínu sjónarhorni en Danmörk er meðal fremstu ríkja í heiminum í stafrænni þróun hjá dómstólum. Erindi þeirra gáfu vísbendingu um hvernig framtíðarkerfi hér á landi í þessum málum gæti litið út, hver ávinningurinn gæti orðið en líka hvað beri að varast. Að loknum erindum voru málstofur þar sem gestum gafst færi á að ræða álitæfni og leita svara við spurningum um stafræna þróun hjá dómstólunum. [Sjá frétt](#)

### **Dómstóladagurinn**

Fræðsludagur dómstólasýslunnar, Dómstóladagurinn, var haldinn föstudaginn 30. september 2022 á Grand hótél. Fræðsludagurinn hófst með inngangserindum þar sem Margrét Helga Kr. Stefánsdóttir lögfræðingur flutti erindi um Stafrænt dómsskerfi – stöðu og stefnumótun og Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur og formaður fagráðs dómstólasýslunnar, fjallaði um fagrád og gæðamál. Að því loknu var boðið upp á sex málstofur þar sem fjallað var um réttargæslulögin, framkvæmd milliliðalausrar sönnunarfærslu, börnin í réttarkerfinu, hvað tekur við að lokinni uppkvaðningu dóma, baráttu við vímuefnin og málskotsbeiðnir til Hæstaréttar. Sérstaklega ánægjulegt var hversu margir tóku þátt og nutu fræðsludagskrár dagsins.

### **Samráðsfundir með Blaðamannafélagi Íslands**

Haldnir voru tveir samráðsfundir með Blaðamannafélagi Íslands á árinu. Dómstólasýslan bauð fulltrúum þess til samráðsfundar í febrúar þar sem rætt var um nýjar reglur um útgáfu dóma, hreinsun dóma í þágu persónuverndar og aðgang að gögnum almennt. Í október var haldinn annar samráðsfundur í Blaðamannafélaginu þar sem m.a. var fjallað um aðgang blaða- og fréttafólks að upplýsingum í vörslu dómstóla, birtingu dagskrár og dómúrlausna.

### **Samráðsfundur með Lögmannafélagi Íslands**

Dómstólasýslan hélt árlegan samráðsfund með Lögmannafélaginu. Meðal umræðuefna var erindi félagsins um þörf á endurskoðun fjárhæða skiptatrygginga. Þá var einnig rætt um uppfærslu á fjárhæðum viðmiðunarreglna um ákvörðun þóknunar fyrir verjenda- og réttargæslustörf lögmannna, rafrænan gagnaflutning og samráð vegna nýrra reglna dómstólasýslunnar um birtingu dóma og úrskurða.

### **Norrænt þing lögfræðinga**

Í tengslum við Norrænt lögfræðingaping í ágúst tóku dómstólar og dómstólasýslan á móti norrænum kollegum. Upphaflega hafði staðið til að halda þingið árið 2020 á 100 ára afmæli Hæstaréttar Íslands. Á þinginu var sérstök áhersla lögð á umgjörð og álitæfni varðandi dómstóla.



## **SEND (Samarbejdsorganet for Efteruddannelse af Nordens Dommere)**

SEND er samstarfsverkefni norrænu dómstólanna um símenntun dómara. Í stýrinfnd SEND sitja fulltrúar norrænu dómstólanna en hlutverk hennar er að ákveða og skipuleggja efni málþinga sem haldin eru á vegum SEND. Árið 2022 voru haldnar tvær ráðstefnur. Í maí fór ráðstefnan fram í Ábo í Finnlandi þar sem var tekið fyrir netöryggi og stafrænt ofbeldi. Í lok október fór ráðstefnan fram í Kaupmannahöfn en þar var fjallað um börn í réttarkerfinu, meðferð forsjármála og barnaverndarmála. Einnig sátta-miðlun og samtöl við börn í forsjármálum og rannsókn á rökstuðningi sænskra dómsúrlausna í slíkum málum, m.t.t. upplýsinga um ofbeldi og áhættumat vegna ofbeldis. Hildur Briem, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, er formaður.

## **CEPEJ (European Commission for the efficiency of Justice)**

Framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar er fulltrúi Íslands hjá CEPEJ. Markmið þess er að stuðla að aukinni skilvirkni réttarkerfa innan sambandsríkjanna og setur m.a. í þeim tilgangi mælikvarða og safnar tölfræðiupplýsingum frá stofnunum og dómstólum. Vefsíða þess er <https://www.coe.int/en/web/cepej/home>. Fulltrúi Íslands hjá CEPEJ sótti fjarfundi á árinu hjá ráði þess.

## **Skilvirkni og gæði**

Dómar eru kveðnir upp innan lögmæltra tímamarka á grundvelli réttlátrar og óvilhallrar málsmeðferðar. Dómstólar leitast við að fylgja alþjóðlegri þróun og mælikvörðum um skilvirkni og gæði. Dómstólasýslan leggur áherslu á það í störfum sínum að styðja dómstóla þannig að þeir geti á sem bestan hátt mætt þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar um skilvirkni og gæði.

## **Málafjöldi og málsmeðferðartími**

Dómstólasýslan fylgist með málátölum við dómstóla, setur viðmið um hæfilegan málsmeðferðartíma og fylgist með þróun hans hjá hverjum dómstól. Á árinu fór fram vinna við að endurskoða framsetningu tölulegra upplýsinga um málátölur og málsmeðferðartíma í þeim tilgangi að tryggja betur samræmi á milli dómstiga. Framsetning talnaefnis í kaflanum dómstólar í tölum tekur mið af þessum breytingum.

Í kafla ársskýrslunnar um dómstólana í tölum eru settar fram tölulegar upplýsingar um fjölda innkominna mála, afgreidd mál á árinu og fjölda óafgreiddra mála. Upplýsingarnar eru brotnar niður á málategundir. Af þeim verður ráðið að heildarmálafjöldi hjá héraðsdómstólum á síðustu tveimur árum er talsvert undir meðaltali árána þar á undan. Á sama tíma virðist málsmeðferðartími í ákveðnum málategundum hafa lengst. Dómstólasýslan hefur unnið að því að greina þróun málsmeðferðartíma með það að markmiði að finna mögulegar skýringar á þróuninni og hvort tækifæri eru til að stytta hann. Arnaldur Hjartarson héraðsdómari var fenginn til að stýra vinnunni. Dómstólasýslan hefur jafnframt komið að vinnu á vegum dómsmálaráðuneytis um heildstæða greiningu á lengd málsmeðferðartíma í sakamálum frá því að mál kemur inn til lögreglu og þar til afplánun refsingar hefst.

Ekki hefur náðst að halda ásættanlegum málsmeðferðartíma í Landsrétti undanfarin ár. Landsréttur vann ítarlega greiningu á mögulegum skýringum þess á árinu og sendi dómstólasýslunni minnisblað þar um. Í því kom m.a. fram að frá árinu 2019 og fram til september 2022 fóru um sex ársverk forgörðum við réttinn sem megi að nokkru rekja til áhrifa dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli nr. 26371/18 (Guðmundur Andri Ástráðsson gegn Íslandi). Einnig kom fram að álag við réttinn hefði aukist vegna ríkari krafna í nýlegri dómaframkvæmd Hæstaréttar og Mannréttindadómstóls Evrópu til framkvæmdar milliliðalausrar sönnunarfærslu en gert var ráð fyrir við stofnun Landsréttar. Í framhaldinu lagði dómstólasýslan það til við dómsmálaráðuneytið að dómurum við réttinn yrði fjölgað um að minnsta kosti einn.

Málsmeðferðartími hjá Hæstarétti hefur að jafnaði haldist innan settra viðmiða.

## **Upplýsingatækni og stafræn þróun hjá dómstólum**

Á árinu var upplýsingatækniráð dómstólanna sett á fót þar sem í sitja fulltrúar frá hverju dómstigi, einn frá Hæstarétti, einn frá Landsrétti og þrír frá héraðsdómstólunum ásamt fulltrúa frá dómstólasýslunni sem heldur utan um vinnu ráðsins. Tilgangur ráðsins er að bæta upplýsingaflæði í dómskerfinu og vera samstarfs- og samráðsvettvangur. Þar geta fulltrúar dómstólanna komið á framfæri ábendingum um þarfir og dómstólasýslan kynnt ný verkefni og framgang yfirstandandi verkefna. Gengið var frá samningi við Intellecta um að fá upplýsinga-



tækniráðgjafa hjá fyrirtækinu til að hefja vinnu við stöðumat á upplýsingatæknimálum dómstólanna sem byggt er á viðtölum við marga hagaðila.

Ýmis verkefni voru unnin á sviði upplýsingatækni á árinu, s.s. undirbúningur og greining á notkun talgreinis, áframhaldandi innleiðing á Office 365, t.d. flutningur tölvupósts í ský, uppsetning á föstum fjarfundabúnaði í dómssali og úttekt hjá öllum dómstólum og dómstólasýslunni á stöðu netbúnaðar auk þess sem knýjandi verkefnum var forgangsraðað. Þá voru gerðar frekari umbætur á mála-skrám dómstóla og unnið að nýjum vefþjónustum og samþættingu við réttarvörslugátt. Tilraunaverkefni með Héraðsdómi Reykjavíkur á notkun nýrrar vefgáttar sem er tengd við málaskrá héraðsdómstóla var hleypt af stokkunum. Frekari rýni á tölfræðivinnslu og framsetningu á tölfræðigögnum hjá dómstigunum þremur fór fram. Vinnuhópur vann að því að greina málshraða í einka- og sakamálum og tók þátt í samráðsverkefni með dómismálaráðuneytinu þar sem unnin var skýrsla um málshraða í sakamálum í réttarvörslukerfinu.

Undirbúningur að stafrænni þróun dómstólanna hefur staðið yfir í þó nokkurn tíma en aukinn kraftur var settur í verkefnið á árinu með þátttöku dómara og annars starfsfólks dómstólanna, sem hefur verið boðið og búið að leggja verkefninu lið. Unnið var að nýrri sýn dómstólanna um stafræna málsmeðferð og endurskoðun vinnuferla með það að markmiði að nýta stafræna þróun til þess m.a. að auka skilvirkni og gæði. Samvinna dómstólanna og dómstólasýslunnar með dómismálaráðuneytinu og öðrum

stofnunum réttarvörslukerfisins við þróun réttarvörslugáttar hefur skilað góðum árangri við að einfalda verkferla við meðferð beiðna um rannsóknarúrskurði. Flæði þeirra er nú með aðstoð gáttarinnar orðið stafrænt og pappírslaut. Árið 2022 fóru 1446 rannsóknarmál í gegnum hana.

Meðal verkefna á árinu var að koma á vefþjónustum sem tengja réttarvörslugáttina við málaskrá héraðsdómstóla. Frekari tengingar munu draga úr tvískráningu og einfalda verklag. Þá hófst undirbúningur að notkun réttarvörslugáttar í ákærumálum. Frekari vinna við gáttina og að öðrum verkefnum tengdum stafrænni þróun mun halda áfram á komandi ári.

### **Unnið að nýrri og sameiginlegri stefnu dómstóla**

Á árinu var unnið að nýrri sameiginlegri stefnu fyrir dómstóla á öllum þremur dómstigum og dómstólasýsluna fyrir árin 2023–2027 og lágu lokadrög hennar fyrir við árslok. Víðtækt samráð var haft við undirbúning stefnunnar. Rafræn könnun var send öllum starfsmönnum og vinnustofur og fundir haldnir með stjórnendum dómstóla og stjórn dómstólasýslunnar. Við mótun stefnunnar var litið til fyrri stefnu en gildi og markmið endurskoðuð ásamt því að unnið var að fjórum megináherslusviðum sem unnið verður að árin 2023–2027. Þau eru: Stafrænt dómskerfi, upplýsingagjöf og fræðsla, húsnæði og öryggismál dómstóla og mannauður og færni. Gert er ráð fyrir að dómstólar og dómstólasýslan setji sér markmið um árangur og leggi reglulega mat á hvernig til hefur tekist.

### **Samræmd stefna um öryggi í húsnæði dómstóla**

Á árinu var unnið að stefnu um öryggi í húsnæði dómstólanna og útfærslu samræmdra öryggisviðmiða í samvinnu við Ríkislögreglustjóra sem mun í kjölfarið framkvæma öryggisúttekt á öllum dómstólunum. Markmið stefnunnar er að stuðla að öruggu vinnuumhverfi og réttlátri og opinberri málsmeðferð við öruggar aðstæður. Í stefnunni eru skilgreindar aðgerðir til að lágmarka hættu í eða við dómhús vegna ofbeldis, árása, uppþota, innbrota og annarra athafna eða ástands sem getur ógnað öryggi fólks eða raskað starfsemi dómstóla.

### **Umhverfisstefna**

Dómstólasýslan samþykkti loftlagsstefnu í lok ársins 2021 í samræmi við lög um loftslagsmál, eins og þeim var breytt með lögum nr. 86/2019. Stefnan tekur til alls reksturs stofnunarinnar og varðar alla starfsmenn hennar. Hún nær m.a. til samgangna, innkaupa, orkunotkunar,



úrgangsmýndunar og umhverfisfræðslu. Stefnunni er fylgt eftir með þátttöku í verkefninu Græn skref sem er í umsjá Umhverfisstofnunar. Dómstólasýslan uppfyllti þrjú skref af fimm í lok ársins 2022. Með þátttöku í verkefninu vill dómstólasýslan draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi sinni og efla umhverfisvitund starfsmanna.

## Hagkvæmni í rekstri

Dómstólarnir og dómstólasýslan tryggja að samræmdir verkferlar, formskjöl og upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að starfsmenn geti sinnt skyldum sínum séu aðgengilegar öllum starfsmönnum og þeim sem nýta þjónustu dómstólanna. Settir eru mælikvarðar og unnin greiningarvinna varðandi stoðþjónustu til að meta hagkvæmni og styðja vandaða afgreiðslu mála.

## Innri upplýsingamiðlun – innri vefur

Á árinu hófst undirbúningur að innri vef dómstólanna. Áætlað er að hann fari í loftið á nýju ári. Dómstólablaðið, rafrænt fréttabréf dómstólasýslunnar, var gefið út þrisvar á árinu. Þar er gerð grein fyrir helstu verkefnum og viðburðum í starfsemi dómstólasýslunnar og dómstólanna hverju sinni.

## Hæfir starfsmenn – markviss símenntun – eftir-sóknarvert starfsumhverfi

Dómstólarnir og dómstólasýslan vilja laða að og halda í hæfa, jákvæða og metnaðarfulla starfsmenn og stjórnendur sem geta stuðlað að því að dómstólarnir og dómstólasýslan nái sem best markmiðum sínum hverju sinni í síbreytilegu starfsumhverfi. Starfsfólk er hvatt til reglubundinnar símenntunar og eru námskeið skipulögð þar sem fjallað er um málaflokka sem eru sérstaklega í brennidepli hverju sinni en einnig eru haldin almenn námskeið til að auka hæfni í starfi. Lögð er áhersla á góðan starfsanda þar sem gagnkvæmt traust, jafnrétti og virðing ríkir milli allra starfsmanna.

## Stofnanasamningur fyrir alla háskólamenntaða starfsmenn í dómsskerfinu

Á árinu voru lögð lokadrög að stofnanasamningi fyrir háskólamenntaða starfsmenn í dómsskerfinu sem eru í BHM. Unnið hefur verið að samningnum frá 2021 eða frá því að formleg beiðni barst um endurskoðun gildandi stofnanasamnings fyrir aðstoðarmenn hjá héraðsdómstólunum frá 2013. Drög að stofnanasamningnum voru unnin af samstarfsnefnd sem í sátu fulltrúar frá héraðsdómstólunum, Landsrétti, Hæstarétti, dómstólasýslunni ásamt fulltrúa frá viðkomandi stéttarfélagum.



## Námsleyfi dómara

Dómstólasýslan leggur mat á og tekur afstöðu til umsóknna dómara um námsleyfi. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla ávinnur dómari sér rétt til þriggja vikna námsleyfis á hverju starfsári og setur dómstólasýslan nánari reglur þar um, sbr. 7. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Sjá reglur dómstólasýslunnar nr. 4/2019 um námsleyfi dómara á [domstolar.is](http://domstolar.is)

Samtals fóru þrír dómara í námsleyfi árið 2022: tveir við Héraðsdóm Reykjavíkur og einn við Landsrétt. Einn dómari hóf töku námsleyfis í janúar og tveir í september.

## Starfsmenntunarsjóður dómara

Starfsmenntunarsjóður dómara starfar á grundvelli 8. mgr. 44. gr. laga um dómstóla. Kostnaður dómara við námskeið, námsstefnur, ráðstefnur eða sambærilega þekkingaröflun sem telja má til starfsmenntunar greiðist úr sjóðnum til samræmis við úthlutunarreglur hans, sjá nánar á [domstolar.is](http://domstolar.is). Starfsmenntunarsjóður dómara tók við umsóknum og sá um greiðslu styrkja í kjölfar samþykktar þeirra. Samþykktar voru 69 umsóknir á árinu 2022. Haldnir voru fjórir fundir stjórnar á árinu.

Formaður Starfsmenntunarsjóðs dómara er Kristín Benediksdóttir dósent, tilnefnd af dómsmálaráðherra, en aðrir í stjórn eru Hjördís Hákonardóttir fyrrverandi hæstaréttardómari, tilnefnd af Hæstarétti Íslands, og Kristín Haraldsdóttir framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar, sem tók sæti í október í stað Ólafar Finnsdóttur, skrifstofustjóra hjá Hæstarétti. Sonja Hafðís Pálsdóttir, verkefnastjóri hjá Hæstarétti, starfar fyrir sjóðinn.

## Fræðsla fyrir starfsfólk dómstólanna

### Námskeið fyrir dómara og aðstoðarmenn dómara 2022

### Meðferð mála á grundvelli Haag-samnings um afhendingu brottnuminna barna

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari fjallaði um Haag-stofnunina, skipulag samstarfsins, tilgang og meginreglur, undantekningar frá þeim og meðferð mála á grundvelli Haag-samnings um afhendingu brottnuminna barna.

### Árósasamningurinn, skuldbindingar

Dr. Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor fjallaði um Árósasamninginn, fræðilegan bakgrunn, þátttökuréttindi,

röksemdir og alþjóðlega stefnumörkun, ESB/EES-rétt, íslenskan rétt og framkvæmd.

## Eignarnám

Karl Axelsson hæstaréttardómari og Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari fjölluðu um eignarnám, þróun löggjafar, einkenni eignarnámsframkvæmdar, lagaumhverfi, friðhelgi og inntak eignarréttar, heimildir, ákvarðanir og fleira.

## Sérfróðir meðdómsmenn

Símon Sigvaldason landsréttardómari fjallaði um störf sérfróðra meðdómsmanna. Hvenær eru þeir kallaðir til og hvernig haga þeir störfum sínum.

## Útgáfa og hreinsun dóma og úrskurða samkvæmt nýjum reglum dómstólasýslunnar.

Edda Laufey Laxdal, lögfræðingur hjá dómstólasýslunni, fjallaði um útgáfu og hreinsun dóma og úrskurða samkvæmt nýjum reglum hennar.

## Stafrænt ofbeldi og kynferðisleg friðhelgi

Dr. María Rún Bjarnadóttir, verkefnisstjóri hjá Ríkislögreglustjóra, fjallaði um þær breytingar sem gerðar voru á almennum hegningarlögum með ákvæðum um stafrænt ofbeldi og kynferðislega friðhelgi, sbr. lög nr. 8/2021. Einnig fór hún yfir grunnþætti varðandi gagnaöflun frá samfélagsmiðlum og önnur hagnýt atriði á mörkum hins stafræna og lögfræðilega í daglegu lífi fólks og ágreiningur getur risið um. Þá var tæpt á helstu breytingum sem gerðar voru á barnaníðsákvæði hegningarlaga með lögum nr. 29/2022.

## Helstu reglur um peningaþvætti

Sigurður Tómas Magnússon hæstaréttardómari fjallaði um helstu reglur um peningaþvætti, sbr. lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

## Málstofa um störf tülka í dómsal – hvað má bæta og hvernig?

Málstofa um störf tülka í dómsal var haldin í samstarfi við félag löggiltra dómtülka og skjalaþýðenda. Sigríður Hjaltsted dómari fór yfir hlutverk tülka og störf þeirra frá sjónarhóli dómara og dr.fil. Gauti Kristmannsson og Ellen Ingvadóttir, stjórnarmenn í félagi löggiltra dómtülka, gerðu grein fyrir hlutverki tülka, áskorunum og eðli túlkavinnu í dómsal. Fulltrúar ríkissaksóknara og Lögmannafélags Íslands tóku þátt í pallborði að loknum erindum.





## Námskeið skipulögð í samstarfi við Starfsmennt fyrir allt starfsfólk

### Tæknifærni og tæknilæsi

Fjallað var um hvernig vélbúnaður og hugbúnaður vinna saman og hvað þarf að hafa í huga þegar hugbúnaður er valinn.

### Sjálfvirkni og gervigreind

Fjallað var um áhrif sjálfvirkni og gervigreindar á líf okkar. Skoðað var hvar þessi tækni er nú þegar til staðar og spáð í hver þróunin verður.

### Netöryggi

Fjallað var um hættur sem finnast á netinu, hvað ber að varast og hvernig er hægt að tryggja öryggi og forðast hættur. Einnig var farið yfir öryggismál og hvernig hægt er að tryggja netöryggi.

### Þrautseigja og starfsánægja

Fjallað var um þrautseigju sem einkennist af styrk, staðfestu og úthaldi til að takast á við áskoranir og krefjandi breytingar. Einnig var farið yfir lykilkætti í starfsánægju, hvernig starfs- og lífsánægja tengist og leiðir til að taka ábyrgð á eigin ánægju/vellíðan í leik og starfi.

## Tölvufærni

Í samvinnu við Starfsmennt var boðið upp á vefnám með valfrjálsum upphafi og tímasetningu. Boðið var upp á grunn- og framhaldsnámskeið í Excel, grunn- og framhaldsnámskeið í Word, námskeið í Outlook, í verkefna- og tímastjórnun, hugarkortum (Mind Mapping) og í Microsoft Teams.

## Önnur fræðsla

### Námskeið fyrir matsmenn


Dómstólasýslan og Lögmannafélag Íslands stóðu fyrir tveggja daga námskeiði fyrir dómkvadda matsmenn. Farið var yfir hlutverk þeirra og starf frá dómkvaðningu og þar til þeir skila matsgerð og/eða mæta fyrir dóm. Í lok síðari námskeiðsdags var farið í Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem nánar var upplýst um samskipti dómkvaddra matsmanna við dómstólana. Þetta er fimmta árið sem námskeið fyrir matsmenn er haldið en 45 sérfræðingar sóttu námskeiðið í ár. Kennarar voru þeir Viðar Lúðvíksson, lögmaður hjá Landslögum, og Ragnar Ómarsson, byggingafræðingur á Verkfræðistofunni Verkís, formaður Matsmannafélags Íslands. Lögmannafélag Íslands heldur utan um lista yfir þá sem hafa sótt námskeiðið og vilja vera til taks sem matsmenn. Uppfærðar upplýsingar um þá eru sendar á dómstóla og lögmenn í byrjun hvers árs en í lok árs voru 175 sérfræðingar á listanum.

# DÓMSTÓLAR Í TÖLUM

Í meðfylgjandi töflum er samantekt yfir áfrýjuð einkamál og sakamál í Hæstarétti og Landsrétti á árinu 2022 ásamt fjölda munnlega fluttra einkamála og ákærumála í héraðsdómstólunum átta. Nánari sundurliðun á málafjölda og málategundum er að finna í umfjöllun um hvert dómstig fyrir sig.


Hæstiréttur - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	28
Einkamál kært	14
Sakamál áfrýjað	15
Sakamál kært	2
Samtals	59

### Hæstiréttur árið 2022




Landsréttur - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Einkamál áfrýjað	268
Einkamál kært	205
Sakamál áfrýjað	106
Sakamál kært	263
Samtals	840

### Landsréttur árið 2022



Héraðsdómstólar - Innkomin mál	Fjöldi mála:
Munnlega flutt einkamál	796
Ákærumál	1.473
Samtals	2.269

### Héraðsdómstólar árið 2022



## Hæstiréttur

### Fjöldi mála

Hæstiréttur hafði til afgreiðslu 80 mál árið 2022, þar af voru 21 óafgreidd í ársbyrjun og 59 mál bárust á árinu. Þetta er fjölgun milli ára en árið 2021 hafði Hæstiréttur samtals 76 mál til afgreiðslu. Í árslok voru 19 mál óafgreidd.

### Dæmd mál og málsmeðferðartími

Á árinu 2022 dæmdi Hæstiréttur í 60 málum, þar af voru 43 áfrýjuð einka- og sakamál og 17 kærð einka- og sakamál. Málsúrslit voru staðfest í 19 málum árið 2022, breytt að einhverju leyti í 9 málum, breytt að verulegu leyti í 4 málum en snúið við, ómerkt eða vísað frá í 28 málum.

Málsmeðferðartími í Hæstarétti í áfrýjuðum einkamálum, frá því að áfrýjunarstefna var gefin út fram að lyktum, var 189 dagar árið 2022 samanborið við 200 daga árið 2021. Í áfrýjuðum sakamálum var málsmeðferðartími, frá því að útgefin áfrýjunarstefna barst réttinum frá ríkissaksóknara fram að lyktum, 207 dagar árið 2022 samanborið við 164 daga árið 2021.

### Málskotsbeiðnir – áfrýjunar- eða kæruleyfi

Á árinu 2022 bárust Hæstarétti samtals 172 beiðnir um áfrýjunar- eða kæruleyfi og voru 23 beiðnir óafgreiddar frá fyrra ári. Beiðnirnar skiptast eftir því hvort beiðin var um áfrýjunarleyfi vegna einkamáls, sakamáls eða kæruleyfi. Alls voru afgreiddar 167 beiðnir á árinu og voru 28 beiðnir óafgreiddar í árslok.



## Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2018	2019	2020	2021	2022
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	16	18	20	21
Innkomin mál á árinu	38	58	41	56	59
Mál til afgreiðslu	38	74	59	76	80
<b>Dómar</b>	<b>18</b>	<b>50</b>	<b>38</b>	<b>55</b>	<b>60</b>
Afturkallað/fellt niður	4	6	1	0	1
Samtals afgreidd mál	22	56	39	55	61
Óafgreidd mál í árslok	16	18	20	21	19

## Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð einkamál

Í töflunni má sjá yfirlit yfir fjölda óafgreiddra áfrýjaðra einkamála í upphafi árs og upplýsingar um lyktir þeirra og fjölda óafgreiddra mála í árslok árin 2018–2022.

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2018	2019	2020	2021	2022
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	12	16	12	11
Innkomin mál á árinu	12	36	23	25	28
Mál til afgreiðslu	12	48	39	37	39
<b>Dómar</b>	<b>0</b>	<b>28</b>	<b>27</b>	<b>27</b>	<b>28</b>
Afturkallað/fellt niður	0	5	0	0	1
Samtals afgreidd mál	0	33	27	27	29
Óafgreidd mál í árslok	12	15	12	10	10



### Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð sakamál

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2018	2019	2020	2021	2022
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	1	2	6	6
Innkomin mál á árinu	5	3	8	10	14
Mál til afgreiðslu	5	4	10	16	20
<b>Dómar</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>4</b>	<b>11</b>	<b>15</b>
Afturkallað/fellt niður	3	0	0	0	0
Samtals afgreidd mál	4	2	4	11	15
Óafgreidd mál í árslok	1	2	6	5	5

### Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð einkamál

Kærð einkamál	2018	2019	2020	2021	2022
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	3	0	2	3
Innkomin mál á árinu	16	16	10	16	15
Mál til afgreiðslu	16	19	10	18	18
<b>Dómar</b>	<b>12</b>	<b>17</b>	<b>7</b>	<b>14</b>	<b>14</b>
Afturkallað/fellt niður	1	1	1	0	0
Samtals afgreidd mál	13	18	8	14	14
Óafgreidd mál í árslok	3	1	2	4	4

## Hæstiréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð sakamál

Kærð sakamál	2018	2019	2020	2021	2022
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	0	0	0	1
Innkomin mál á árinu	5	3	0	5	2
Mál til afgreiðslu	5	3	0	5	3
<b>Dómar</b>	<b>5</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>3</b>
Afturkallað/fellt niður	0	0	0	0	0
Samtals afgreidd mál	5	3	0	3	3
Óafgreidd mál í árslok	0	0	0	2	0

## Hæstiréttur: Málsmeðferðartími (meðaltal í dögum)

Tegund mála	2018	2019	2020	2021	2022
Áfrýjuð einkamál	0	141	205	200	189
Áfrýjuð sakamál	31	0	173	164	207
Kærð einkamál	31	49	72	31	39
Kærð sakamál	45	11	0	12	53
<b>Öll mál</b>	<b>35</b>	<b>98</b>	<b>177</b>	<b>137</b>	<b>175</b>

Málsmeðferðartími einkamála telst frá því að áfrýjunarstefna er gefin út.

Málsmeðferðartími sakamála telst frá því að útgefin áfrýjunarstefna berst frá ríkissaksóknara. Það athugist að endurupptekin dómsmál reiknast ekki með í málsmeðferðartíma.

## Hæstiréttur: Málsúrslit dæmdra mála

Dæmd mál	2018	2019	2020	2021	2022
Staðfest	11	30	20	22	19
Breytt að einhverju leyti	0		5	7	9
Breytt að verulegu leyti	0	2	2	2	4
Snúið við	1	5	5	8	8
Ómerking/frávísun	6	13	6	14	20
<b>Samtals dómar</b>	<b>18</b>	<b>50</b>	<b>38</b>	<b>*53</b>	<b>60</b>

\*Heildarfjöldi dæmdra mála 2021 var 55. Af þeim voru tvö endurupptökumál en úrslit þeirra eru eðli máls samkvæmt ekki tiltekin í þessari töflu.

## LANDSRÉTTI BÁRUST

# 840 ný mál

## ÁRIÐ 2022

### Landsréttur

#### Fjöldi mála

Á árinu 2022 bárust Landsrétti 840 ný mál. Af þeim voru 268 áfrýjuð einkamál og 106 áfrýjuð sakamál. Þetta er nokkur fjölgun milli ára en til samanburðar bárust Landsrétti 805 ný mál árið 2021.

#### Dæmd mál og málsmeðferðartími

Á árinu 2022 voru leidd til lykta 854 mál, þar af lauk 762 málum með dómi eða úrskurði en 92 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 443 málum, breytt að einhverju leyti í 128 málum og breytt verulega eða snúið við í 132 málum.

Meðalmálsmeðferðartími í Landsrétti í áfrýjuðum einkamálum, frá útgáfu áfrýjunarstefnu fram að lyktum, var 345 dagar árið 2022.

Meðalmálsmeðferðartími í áfrýjuðum sakamálum, frá þingfestingu máls fram að lyktum, var 191 dagar árið 2022. Talsverður tími getur liðið frá því að ákærvaldið gefur út áfrýjunarstefnu og tilkynnir Landsrétti um áfrýjun þar til málsöggn eru tilbúin og lögð fram í réttinum en við það síðara tímamark miðast þingfesting. Gerð málsagna er á ábyrgð ákærvaldsins en viðkomandi héraðsdómi ber að afhenda ákærvaldinu dómsgerðir. Til dómsgerða teljast endurrit og hljóðupptökur af munnlegum framburði fyrir héraðsdómi. Tíminn frá skráningu fram að þingfestingu var að meðaltali 159 dagar árið 2022.

#### Áfrýjuð mál

Málum er unnt að skjóta til Landsréttar með áfrýjun eða kæru. Málsmeðferð í áfrýjuðum málum er munnleg þar sem við aðalmeðferð mála er unnt að leiða aðila og vitni til skýrslugjafar.

Landsréttur afgreiddi 383 áfrýjuð mál á árinu 2022, 282 einkamál og 101 sakamál, þar af voru kveðnir upp dómar eða úrskurðir í 316 málum en 67 mál voru felld niður. Á árinu kvað Landsréttur upp dóma eða úrskurði í 220 einkamálum en 62 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 120 málum, breytt að einhverju leyti í 30 málum, breytt verulega eða snúið við í 54 málum en 16 mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

Landsréttur kvað upp dóma eða úrskurði í 96 áfrýjuðum sakamálum en 5 mál voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest í 29 málum, breytt að einhverju leyti í 41 máli, breytt verulega eða snúið við í 21 máli en 5 mál voru ómerkt eða vísað frá dómi.

#### Kærð mál

Einkamál sem hægt er að skjóta til Landsréttar með kæru eru annars vegar ágreiningur sem lýtur að réttarfarsatriðum og hins vegar mál sem löggjafinn hefur metið svo að þyrftu skjótrar úrlausnar við. Almennt fer ekki fram aðalmeðferð í slíkum málum.

Landsréttur afgreiddi 471 kært mál á árinu 2022, 208 einkamál og 263 sakamál, þar af voru kveðnir upp úrskurðir í 446 málum en 25 voru felld niður. Niðurstaða héraðsdóms var staðfest eða breytt að einhverju leyti í 351 máli en var breytt verulega eða snúið við í 57 málum.

### Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra

Öll innkomin mál og lyktir þeirra	2018	2019	2020	2021	2022
Óafgreidd mál í ársbyrjun	75	283	373	353	380
Innkomin mál á árinu	866	889	754	805	840
Mál til afgreiðslu	941	1172	1127	1158	1220
<b>Dómar og úrskurðir</b>	<b>578</b>	<b>705</b>	<b>702</b>	<b>705</b>	<b>762</b>
Afturkallað/fellt niður	80	94	72	73	92
Samtals afgreidd mál	658	799	774	778	854
Óafgreidd mál í árslok	283	373	353	380	366

### Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð einkamál

Áfrýjuð einkamál	2018	2019	2020	2021	2022
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	184	200	225	264
Innkomin mál á árinu	324	289	228	273	268
Mál til afgreiðslu	324	473	428	498	532
<b>Dómar og úrskurðir</b>	<b>93</b>	<b>217</b>	<b>170</b>	<b>181</b>	<b>220</b>
Afturkallað/fellt niður	47	56	33	53	62
Samtals afgreidd mál	140	273	203	234	282
Óafgreidd mál í árslok	184	200	225	264	250

### Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – áfrýjuð sakamál

Áfrýjuð sakamál	2018	2019	2020	2021	2022
Óafgreidd mál í ársbyrjun	75	88	143	106	91
Innkomin mál á árinu	97	147	80	120	106
Mál til afgreiðslu	172	235	223	226	197
<b>Dómar og úrskurðir</b>	<b>81</b>	<b>81</b>	<b>103</b>	<b>126</b>	<b>96</b>
Afturkallað/fellt niður	3	11	14	9	5
Samtals afgreidd mál	84	92	117	135	101
Óafgreidd mál í árslok	88	143	106	91	96

### Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð einkamál

Kærð einkamál	2018	2019	2020	2021	2022
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	11	21	20	22
Innkomin mál á árinu	176	198	219	188	205
Mál til afgreiðslu	176	209	240	208	227
<b>Fjöldi úrskurða</b>	<b>155</b>	<b>170</b>	<b>203</b>	<b>181</b>	<b>193</b>
Afturkallað/fellt niður	10	18	17	5	15
Samtals afgreidd mál	165	188	220	186	208
Óafgreidd mál í árslok	11	21	20	22	19

### Landsréttur: Fjöldi mála og afgreiðsla þeirra – kærð sakamál

Kærð sakamál	2018	2019	2020	2021	2022
Óafgreidd mál í ársbyrjun	0	0	8	2	3
Innkomin mál á árinu	269	254	228	224	261
Mál til afgreiðslu	269	254	236	226	264
<b>Fjöldi úrskurða</b>	<b>249</b>	<b>237</b>	<b>226</b>	<b>217</b>	<b>253</b>
Afturkallað/fellt niður	20	9	8	6	10
Samtals afgreidd mál	269	246	234	223	263
Óafgreidd mál í árslok	0	8	2	3	1



## Landsréttur: Málsmeðferðartími (meðaltal í dögum)

Tegund mála	2018	2019	2020	2021	2022
Áfrýjuð einkamál	165	227	326	352	345
Áfrýjuð sakamál	210	198	243	253	191
Kærð einkamál	39	35	37	33	33
Kærð sakamál	10	3	7	3	4

-Málsmeðferðartími áfrýjaðra sakamála telst frá þingfestingu máls að lyktum. Til að reikna heildarmálsmeðferðartíma frá skráningu máls þarf að bæta við tölum í töflu hér að neðan.

## Meðaldagafjöldi áfrýjaðra sakamála frá skráningu máls að þingfestingu.

	2018	2019	2020	2021	2022
	*101	154	194	130	159

\*Inni í þessu mengi eru ekki þau mál sem höfðu verið þingfest hjá Hæstarétti áður en þau voru skráð í Landsrétti.

## Landsréttur: Málsúrslit innkominna mála 2022

Áfrýjuð mál	Einkamál	Sakamál
Staðfest	120	29
Breytt að einhverju leyti	30	41
Breytt verulega eða snúið við	54	21
Ómerking eða frávísun	16	5
Niðurfelld mál	62	5
<b>Samtals áfrýjuð mál</b>	<b>282</b>	<b>101</b>

Kærð mál	Einkamál	Sakamál
Staðfest	128	166
Breytt að einhverju leyti	12	45
Breytt verulega eða snúið við	26	31
Ómerking eða frávísun	27	11
Niðurfelld mál	15	10
<b>Samtals kærð mál</b>	<b>208</b>	<b>263</b>

## HÉRAÐSDÓMSTÓLUM BÁRUST

# 10.439 mál

### ÁRIÐ 2022

## Héraðsdómstólarnir

### Fjöldi dómsmála og meðferð þeirra hjá héraðsdómstólunum


Þegar þróun á fjölda dómsmála og meðferð þeirra hjá héraðsdómstólunum er skoðuð er fyrst og fremst horft til munnlega fluttra einkamála og sakamála enda vega þau þyngst hjá héraðsdómstólunum.

### Dæmd mál og málsmeðferðartími

Alls bárust 10.439 mál til héraðsdómstólanna árið 2022 samanborið við 10.739 árið 2021. Það er nokkuð undir meðaltali síðustu fjögur árin á undan.


Alls bárust Héraðsdómi Reykjavíkur 6178 mál árið 2022 og Héraðsdómi Reykjaness 2627 mál.

### Heildarfjöldi dómsmála hjá héraðsdómstólunum 2013–2022





## Fjöldi munnlega fluttra einkamála, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími frá þingfestingardegi 2013–2022




### Einkamál


Einkamál eru annars vegar munnlega flutt og hins vegar flutt skriflega. Þegar einkamáli er stefnt fyrir héraðsdómstól og tekið til varnar er því úthlutað dómara til meðferðar. Ef ekki takast sættir eða mál er fellt niður af öðrum ástæðum fer það til munnlegs málflyttings fyrir dómstólum. Ef ekki er tekið til varnar í einkamáli lýkur því með áritun eða útvistardómi og telst það því skriflega flutt.

Alls komu 796 einkamál til munnlegs málflyttings á árinu 2022 en 854 einkamálum var lokið. Óafgreidd einkamál í árslok voru 634. Málsmeðferðartími munnlega fluttra einkamála, frá þingfestingu máls fram að lyktum þess, var að meðaltali 393 dagar á árinu 2022 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 363 dagar árið 2021.

### Skriflega flutt einkamál 2013–2022



## Innkomin ákærumál, afgreidd, óafgreidd og meðalmálsmeðferðartími 2013–2022



### Ákærumál


Alls komu 1473 ákærumál til meðferðar héraðsdómstólanna árið 2022. Í heildina var 1538 lokið á árinu og 481 máli ólokið um áramót. Málsmeðferðartími ákærumála, frá þingfestingu máls fram að lyktum þess, var að meðaltali 125 dagar á árinu 2022 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 139 dagar á árinu 2021.

### Gjaldprotamál

Árið 2022 bárust héraðsdómstólunum 540 beiðnir um gjaldprotaskipti samanborið við 1680 árið 2021. Uppkveðnir gjaldþrotáurskurðir einstaklinga voru 157 árið 2022 en 201 árið 2021.


Uppkveðnir gjaldþrotáurskurðir lögaðila voru 383 árið 2022 en 954 árið 2021.

## Fjöldi gjaldprotaskiptabeiðna sem bárust héraðsdómstólunum 2013–2022





## Fjöldi uppkveðinna gjaldþrotaskiptaúrskurða hjá héraðsdómstólunum eftir lögaðilum og einstaklingum 2013-2022




### Rannsóknarúrskurðir

Á meðfylgjandi súluriti er þróun fjölda uppkveðinna rannsóknarúrskurða hjá héraðsdómstólunum á tímabilinu 2013-2022. Rannsóknarúrskurðir eru af ýmsu tagi, t.d. úrskurðir um húsleit, símhlerun, farbann, gæsluvarðhald o.fl. Tvær tegundir rannsóknarúrskurða eru tiltekna sérstaklega í töflunni, þ.e. úrskurðir um húsleit og gæsluvarðhald.

Árið 2022 voru kveðnir upp samtals 1733 rannsóknarúrskurðir hjá héraðsdómstólunum. Þar af var 191 húsleitarrúrskurður og 593 gæsluvarðhaldsrúrskurðir og af þeim voru 369 úrskurðir um framlengingu gæsluvarðhalds.


### Rannsóknarúrskurðir 2013–2022




## Endurupptökudómur

Á árinu 2022 lauk Endurupptökudómur 29 málum. Í málaskrá dómsins voru skráð 32 mál á árinu, þar af 6 beiðnir vegna einkamála og 26 beiðnir vegna sakamála.

### Beiðnir um endurupptöku:



### Málum lokið árið 2022



## ENDURUPPTÖKUDÓMUR LAUK

# 29 málum

### ÁRIÐ 2022

### Beiðnir um endurupptöku:

Hæstiréttur	16
Landsréttur	13
Héraðsdómstólar	3

### Málum lokið árið 2022

Beiðni hafnað	12
Beiðni samþykkt	15
Beiðni vísað frá	1
Beiðni afturkölluð	1
<b>Samtals</b>	<b>29</b>

# FJÁRHEIMILDIR Á MÁLEFNASVIÐI DÓMSTÓLA

Stofnun	Heildarfjárheimild
Hæstiréttur	468,9 m.kr.
Héraðsdómstólar	2066,8 m.kr.
Landsréttur	793,1 m.kr.
Dómstólasýslan	356,4 m.kr.

Tafla: Fjárheimildir dómstólanna og dómstólasýslunnar samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2022



Dómstólasýslan  
Suðurlandsbraut 14  
108 Reykjavík  
Sími 432-5010  
domstolasyslan@domstolasyslan.is  
Framkvæmdastjóri: Kristín Haraldsdóttir

---

Hæstiréttur Íslands  
Dómhúsinu við Arnarhól  
101 Reykjavík  
Sími 510-3030  
haestirettur@haestirettur.is  
Forseti Hæstaréttar: Benedikt Bogason

---

Landsréttur  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur  
Sími 432-5300  
landsrettur@landsrettur.is  
Forseti Landsréttar: Hervör Þorvaldsdóttir

---

Héraðsdómur Reykjavíkur  
Dómhúsinu við Lækjartorg  
101 Reykjavík  
Sími 432-5200  
heradsdomur.reykjavikur@domstolar.is  
Dómstjóri: Ingibjörg Þorsteinsdóttir

---

Héraðsdómur Vesturlands  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnes  
Sími 432-5030  
heradsdomur.vesturlands@domstolar.is  
Dómstjóri: Lárentínus Kristjánsson

---

Héraðsdómur Vestfjarða  
Hafnarstræti 9  
400 Ísafjörður  
Sími 432-5040  
heradsdomur.vestfjarda@domstolar.is  
Dómstjóri: Halldór Björnsson

Héraðsdómur Norðurlands vestra  
Skagfirðingabraut 21  
550 Sauðárkrúkur  
Sími 455-6444  
heradsdomur.nordurlands.vestra@domstolar.is  
Dómstjóri: Halldór Halldórsson

---

Héraðsdómur Norðurlands eystra  
Hafnarstræti 107  
600 Akureyri  
Sími 432-5060  
heradsdomur.nordurlands.eystra@domstolar.is  
Dómstjóri: Arnbjörg Sigurðardóttir

---

Héraðsdómur Austurlands  
Lyngási 15  
700 Egilsstaðir  
Sími 432-5070  
heradsdomur.austurlands@domstolar.is  
Dómstjóri: Ólafur Ólafsson

---

Héraðsdómur Suðurlands  
Austurvegi 4  
800 Selfoss  
Sími 432-5080  
heradsdomur.sudurlands@domstolar.is  
Dómstjóri: Sigurður Gísli Gíslason

---

Héraðsdómur Reykjaness  
Fjarðargötu 9  
220 Hafnarfirði  
Sími 432- 5100  
heradsdomur.reykjaness@domstolar.is  
Dómstjóri: Jónas Jóhannsson







DÓMSTÓLASÝSLAN